

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 216/1991.

**Fjárfestingarfélag Íslands hf.**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

gegn

**Framkvæmdasjóði Íslands**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Ábyrgðaryfirlýsing. Lánastofnanir. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. maí 1991. Hann krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnda, en til vara lækkunar þeirra. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Aðilar málsins fóru báðir með umfangsmikla fésýslu og höfðu yfir að ráða sérfræðilegri þekkingu og reynslu í viðskiptum af því tagi, er mál þetta varðar. Gera verður þá kröfu til slíkra stofnana, að fjármunasamningar af þeirra hendi séu glöggir. Óumdeilt er, að ábyrgðaryfirlýsing áfrýjanda frá 30. júní 1987 var samin af honum sjálfum. Þykir hann verða að bera hallann af því, ef orðalag yfirlýsingarinnar tekur ekki af tvímæli um tilætlan hans.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 1.000.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Fjárfestingarfélag Íslands hf., greiði stefnda,

Framkvæmdasjóði Íslands, 1.000.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **S é r a t k v æ ð i** **Garðars Gíslasonar**

Samkvæmt fundargerð stjórnarfundar áfrýjanda 30. júní 1987 skýrði framkvæmdastjóri Vogalax hf. frá því, að stefndi hefði fallist á að skuldbreyta lánnum fyrirtækisins og lána til viðbótar 10 milljón krónur með sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda, „en ábyrgð félagsins væri nauðsynleg þar sem veðhæfni eigna væri ekki nægjanleg sem stendur. Veðhæfni ætti þó að vera nægjanleg eftir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í sumar og þá ætti að vera hægt að aflétta ábyrgðinni. Ábyrgðin var samþykkt samhljóða“.

Framkvæmdastjóri stefnda átti jafnframt sæti í stjórn Vogalax hf. Í ljós er því leitt, að ábyrgðarloforðinu var ætlaður skammur gildistími og að stefnda var það ljóst. Stefnda var einnig ljóst, hvaða framkvæmdir færu fram í Vogalaxi hf. á Vatnsleysuströnd þá um haustið.

Skuldabréf fyrir jafnvirði 10 milljónir króna var samið af stefnda og gefið út af Vogalaxi hf. 3. september 1987. Þar veðsetti Vogalax hf. stefnda fiskræktarstöð sína með 6. veðrétti og uppfærslurétti. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu áfrýjanda skyldi ábyrgð hans á láni þessu falla niður, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiðastöðvar lyki þá um haustið og nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni stöðvarinnar lægi fyrir.

Framkvæmdum við seiðastöðina lauk að mestu þá um haustið, og var hún formlega tekin í notkun 20. apríl 1988 samkvæmt skýrslu stjórnar Vogalax hf. 3. maí 1988, sem framkvæmdastjóri stefnda undirritaði með öðrum stjórnarmönnum. Verður að telja, að þar með hafi komið fram það lausnarskilyrði loforðsins, að framkvæmdum við stöðina lyki, og var þá hitt eftir, að „nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni“ lægi fyrir.

Fram er komið, að mikil óvissa var á þessum tíma um rekstur hafbeitarstöðvar sem þessarar. Ef miða átti veðhæfnina eingöngu við sjálfar fasteignirnar og framkvæmdakostnaðinn, svo sem skilja má af fundargerð stefnda 3. júní 1987, mátti telja, að framkvæmdir

Vogalax hf. væru orðnar fullnægjandi veð, þegar stöðin var tekin í notkun 20. apríl 1988. Ef miða átti veðhæfni stöðvarinnar við eitt-hvað annað, bar stefnda að gera kröfur þar að lútandi. Eftir að Vogalax hf. tók seiðastöðina í notkun, mátti áfrýjandi því álíta, að stefndi teldi fasteignir Vogalax hf. orðnar fullnægjandi veð í skilningi ábyrgðarloforðsins. Ef stefndi taldi fasteignir þessar þá ekki fullnægjandi veð, átti hann að benda áfrýjanda á það og hafa frumkvæði að því. Það gerði hann ekki, og verður því að telja, að ábyrgðarloforðið hafi þá fallið niður samkvæmt efni sínu. Tel ég því, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda og dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1991.**

Mál þetta, sem dómtekið var 27. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. ágúst 1990 og þingfestri 13. september s. á.

Stefnandi er Framkvæmdasjóður Íslands, kt. 560169-1839, Rauðarárstíg 25, Reykjavík. Stefndi er Fjárfestingarfélag Íslands, kt. 450272-0359, Hafnarstræti 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 314.000,85 Bandaríkjadali miðað við sölugengi íslenskra banka á Bandaríkjadöllum á greiðsludegi auk vaxta frá og með 1. nóvember 1989, sem nemi 1,5% p. a. yfir millibankavöxtum á dollurum (Libor) á erlendum fjármagnsmörkuðum miðað við lán til 6 mánaða til 1. nóvember 1990, en með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands, nú 15% p. a., frá þ. d. til greiðsludags auk 0,5% yfirfærslugjalds og 0,25% p. a. sérstaks ábyrgðargjalds af höfuðstól stefnufjárhæðar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og málskostnaðarreikningi. Er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

#### *Málavextir.*

Með yfirlýsingu, dagsettri 30. júní 1987, tókst stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, er stefnandi veitti Vogalaxi hf., að jafnvirði tíu milljónir kr. í Bandaríkjadöllum. Yfirlýsingin hljóðar svo:

„Fjárfestingarfélag Íslands hf. tekst hér með á hendur sjálfskuldarábyrgð v/Vogalax hf. á láni frá Framkvæmdasjóði Íslands, að jafnvirði 10.000.000 kr. – tíu milljónir króna – í Bandaríkjadollurum. Ábyrgðin nær til vaxta, dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, allt skv. reikningi Framkvæmdasjóðs Íslands. Ábyrgðin helst óbreytt, þótt veittur verði greiðslufrestur á láninu einu sinni eða oftar. Ábyrgð þessi fellur úr gildi, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiða stöðvar lýkur nú í haust og nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni liggur fyrir.“

Vogalax hf. var stofnað árið 1985. Aðalhluthafi þess var stefndi, en einnig átti bandaríska fyrirtækið Weierhauser Company stóran hlut í félaginu. Þá áttu einstaklingar, sem voru í stjórn og varastjórn stefnda, svo og framkvæmdastjóri stefnda hlut í félaginu. Vogalax hf. rak hafbeitarstöð að Vogum við Vatnsleysuströnd.

Í júlí 1987 veitti stefnandi Vogalaxi hf. lán, að fjárhæð 623.052,95, Bandaríkjadali, sem tryggt var með 5. veðrétti í spildu við Vogavík, Vatnsleysustrandarhreppi, sem að hluta til var athafnasvæði Vogalax hf. Spildu þessa hafði stefndi tekið á leigu af Vatnsleysustrandarhreppi 1. október 1981, og samþykkti hann veðsetningu þessa.

Af hálfu Vogalax hf. var óskað eftir frekari lánveitingum frá stefnanda, og 3. september 1987 gaf stjórn Vogalax hf. út veðskuldabréf til stefnanda, að fjárhæð 256.278,83 Bandaríkjadali eða jafnvirði 10.000.000 króna miðað við gengi Bandaríkjadals við útgáfu bréfsins. Lánið var til tólf ára án endurgreiðslu fyrstu þrjú árin, en skyldi síðan endurgreitt með jöfnum afborgunum árin 1991–1999 1. nóvember ár hvert, í fyrsta skipti 1. nóvember 1991. Vexti skyldi þó greiða í fyrsta skipti 1. nóvember 1987. Lán þetta var tryggt með 6. veðrétti í sömu landspildu og hið fyrra lán, og er skuldabréfið áritað um samþykki stefnda vegna ofangreindrar veðsetningar. Fyrir neðan undirskriftir stjórnarmanna Vogalax hf. og undirskrift þáverandi framkvæmdastjóra stefnda á bréfinu er vélritað, að lánið sé enn fremur tryggt með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélags Íslands hf. skv. yfirlýsingu, dags. 30. júní 1987.

Vilhjálmur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vogalax hf., ritaði stefnanda bréf 2. ágúst 1989 og óskaði eftir veðleyfi vegna erlends láns, sem hvíla átti samhliða öðrum lánnum á 4. veðrétti á undan lánnum stefnanda á 5. og 6. veðrétti. Í bréfi þessu segir m. a.: „Gert verður ráð fyrir að áður útgefnar ábyrgðir verði óbreyttar.“

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Vogalax hf. rituðu stefnanda bréf 2. október 1989, og fara þar fram á, að stefnandi taki þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu, sem félaginu sé nauðsynleg, ef það eigi að geta haldið áfram

rekstri. Í bréfinu kemur fram, að fjárhagur félagsins sé kominn í þrot vegna lélegrar laxgengdar um sumarið. Er þess farið á leit við Framkvæmdasjóð, að hann samþykki, að lán hans á 5. og 6. veðrétti í landspildunni við Vogavík víki fyrir nýju láni frá Fiskveiðasjóði, enn fremur, að Framkvæmdasjóður taki þátt í að útvega 100 milljóna króna rekstrarlán til félagsins gegn veði í afurðum þess. Þá segir í bréfinu, að best væri, að Framkvæmdasjóður breytti láni sínu í víkjandi lán.

Með bréfi, dags. 20. október 1989, var framangreindri beiðni Vogalax hf. hafnað af hálfu stefnanda.

Þegar hér var komið sögu, höfðu áðurgreindar veðskuldir Vogalax hf. við stefnanda verið í vanskilum frá 1. nóvember 1987.

Hinn 13. nóvember 1989 ritaði þáverandi forstjóri stefnda stefnanda bréf og fór fram á, að stefnandi staðfesti skriflega þann skilning stefnda, að tímabundin sjálfskuldarábyrgð stefnda, út gefin 30. júní 1987, á láni Vogalax hf. hjá Framkvæmdasjóði væri niður fallin. Segir í bréfinu, að viðmiðunar-tímasetning ábyrgðarinnar sé löngu liðin og að veðhæfni eigna Vogalax hf. hafi vaxið umtalsvert.

Í svarbréfi stefnanda, dags. sama dag, er því lýst yfir af hálfu sjóðsins, að það sé eindregin skoðun stjórnar hans, að sjálfskuldarábyrgð stefnda sé enn í fullu gildi, enda hafi ætíð verið við þá staðreynd miðað í viðskiptum við Vogalax hf., og er í því sambandi vísað til bréfs framkvæmdastjóra Vogalax hf. til Framkvæmdasjóðs, dags. 2. ágúst 1989.

Með bréfi, dags. 15. nóvember 1989, ítrekar forstjóri stefnda þann skilning Fjárfestingarfélags Íslands hf., að ábyrgð félagsins gagnvart Framkvæmdasjóði vegna láns Vogalax hf. sé niður fallin. Segir í bréfinu, að það hafi ávallt verið skilningur bréfitara, að ábyrgðin næði einungis fram á haustið 1987. Ábyrgðin hafi því ekki verið staðfest eða undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra félagsins, þegar skuldabréfið var gefið út í september 1987. Þá segir, að framkvæmdastjóra Vogalax hf. hafi ávallt verið ljós þessi skoðun félagsins.

Stefnandi og Vogalax hf. sömdu um breytingu á skilmálum áðurgreinds skuldabréfs frá 3. september 1987 í yfirlýsingu, dagsettri 9. janúar 1990. Í framangreindri yfirlýsingu um skuldbreytingu lánsins er skuldabréfinu m. a. lýst svo, að það sé tryggt með 6. veðrétti í fiskræktarstöð á landspildu við Vogavík, Vatnsleysustrandarhreppi, og að auki með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélags Íslands. Yfirlýsingin er undirrituð af forsvarsmönnum stefnanda og stjórnarmönnum Vogalax hf.

Í janúar 1990 gaf Vogalax hf. út yfirlýsingu til Fiskveiðasjóðs í tilefni innlausnar hins síðarnefnda á vaxtagreiðslum lána Vogalax, er Fiskveiðasjóður

ábyrgðist gagnvart Landsbanka Íslands. Til tryggingar ábyrgðum sínum hafði Fiskveiðasjóður veð í fasteignum Vogalax hf. Í tilefni framangreindrar innlausnar var tryggingabréfunum skuldbreytt, og nutu þau sömu veðtryggingar og hin fyrri. Bréfið er áritað um samþykki stefnanda sem eiganda veða, er á eftir komu. Í framangreindri yfirlýsingu kemur fram, að ábyrgðir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Fjárfestingarfélagins standi áfram óbreyttar.

Hlutafélagið Vogalax var úrskurðað gjaldþrota 17. ágúst 1990.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að sjálfskuldarábyrgðin sé ekki tímabundin. Ábyrgðinni hafi verið ætlað að vara út greiðslutíma skuldabréfsins, ef lausnarskilyrði ábyrgðarinnar kæmu ekki fram.

---

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er við það miðað í fyrsta lagi, að lausnarskilyrði ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi þegar verið fram komin við útgáfu skuldabréfsins 3. september 1987. Stefnandi hafi tekið veð í fasteignum Vogalax hf., þ. e. í landspildu við Vogavík, til tryggingar skuldinni. Sú veðsetning feli í sér mat á veðhæfni. Stefnandi hafi þá þegar metið veðhæfni stöðvarinnar nægilega. Á það er bent af hálfu stefnda, að enginn skrifi undir vélritaðan texta á skuldabréfinu um það, að skuldin sé einnig tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda. Því er mótmælt, að áritun fyrrum framkvæmdastjóra stefnda á skuldabréfið vegna veðsetningar hafi þau áhrif, að stefndi hafi staðfest sjálfskuldarábyrgð sína við útgáfu skuldabréfsins. Skv. 2. mgr. 52. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978, sbr. og 2. mgr. 10. gr. l. nr. 7/1936, hafi framkvæmdastjóri ekki heimild til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, en líta verði svo á, að sjálfskuldarábyrgð á láni upp á 10.000 Bandaríkjadali sé bæði óvenjuleg og mikils háttar. Verði ekki fallist á framangreint, hafi lausnarskilyrði ábyrgðarinnar a. m. k. verið fram komin í ágúst 1989.

---

#### *Niðurstaða.*

Af orðalagi ábyrgðaryfirlýsingar stefnda frá 30. júní 1987 þykir mega ráða, að henni hafi verið ætlað að standa ótímabundið, þar til lausnarskilyrði ábyrgðarinnar væru fram komin. Samkvæmt yfirlýsingunni skyldi stefndi laus úr ábyrgð í fyrsta lagi, þegar framkvæmdum 2,5 milljóna seiða stöðvar lyki þá um haustið, og í öðru lagi, þegar nýtt mat um fullnægjandi veðhæfni lægi fyrir.

Gunnar Helgi Hálfðanarson, fyrrverandi forstjóri stefnda, og Vilhjálmur

Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Vogalax hf., hafa borið hér fyrir dómi, að framkvæmdum við seiðastöðina hafi að mestu verið lokið haustið 1987.

Í málinu hefur verið lögð fram matsgerð matsnefndar Fiskveiðasjóðs, dags. 3. ágúst 1989. Matsgerð þessari hefur verið mótmælt af hálfu stefnanda, þar sem hún sé gerð samkvæmt reglum Fiskveiðasjóðs, er miðist við aðrar forsendur en mat Framkvæmdasjóðs á fullnægjandi veðhæfi. Reynir Elíeserson tæknifræðingur, sá er vann framangreint mat, kom fyrir dóminn og staðfesti, að matsgerðin miðaðist við svokallað núvirðismat, þ. e., að kostnaður við allar framkvæmdir á staðnum svo og hlunnindi og landsleiguréttindi væru framreiknuð til núvirðis miðað við ágúst 1989.

Snorri Tómasson, starfsmaður Framkvæmdasjóðs, bar fyrir dóminum, að skilgreining sjóðsins á fullnægjandi veðhæfni, hvað varðaði hafbeitarstöðina, hefði verið sú, að veðið væri innan þess verðs, sem fást myndi fyrir fasteignina á nauðungaruppboði. Kvað hann engar reglur hafa myndast á þessum tíma um mat á veðhæfni hafbeitarstöðva, þar sem slík atvinnustarfsemi hefði þá verið á tilraunastigi. Atvinnustarfsemi þessi hefði verið þess eðlis, að almennar reglur um mat á veðhæfni fasteigna hefðu ekki átt við.

Fyrir liggur, að matsgerð þessari var ekki framvísað stefnanda fyrr en eftir gjaldþrot Vogalax hf. Matsgerðin nær til allra eigna Vogalax hf. við Vogavík, þ. e. bæði til landspildu samkvæmt leigusamningi frá 1. október 1981 svo og lands samkvæmt leigusamningi frá 22. maí 1987. Óupplýst er, hvar fasteignir Vogalax hf. eru á framangreindu svæði svo og aðrar framkvæmdir, sem metnar eru til verðs í matsgerðinni frá 3. ágúst 1989, en stefnandi átti aðeins veð í landspildu við Vogavík samkvæmt leigusamningnum frá 1. október 1981.

Í bréfi stjórnarmanns og framkvæmdastjóra Vogalax hf. frá 2. október 1989 kemur fram, að fjárhagur félagsins var á þessum tíma kominn í þrot. Fyrrum forstjóri stefnda hefur og borið það fyrir réttinum, að haustið 1989 hafi stefndi afskrifað allt hlutafé sitt í Vogalaxi hf. svo og viðskiptaskuldir Vogalax hf. Tæpu einu og hálfu ári síðar, þ. e. 24. janúar 1991, var landspildan við Vogavík seld á nauðungaruppboði, og greiddist aðeins upp í kröfur á 1. og 2. veðrétti.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram afrit af fundargerð stjórnarfundar í Fjárfestingarfélagi Íslands hf., er haldinn var 30. júní 1987. Þar segir m. a.: „Vilhjálmur Guðmundsson skýrði frá því að Framkvæmdasjóður hefði fallist á að skuldbreyta lánnum fyrirtækisins og lána til viðbótar kr. 10 millj. með sjálfskuldarábyrgð Fjárfestingarfélagsins, en ábyrgð félagsins væri nauðsynleg þar sem veðhæfni eigna væri ekki nægjanleg sem stendur. Veðhæfni ætti

þó að vera nægjanleg eftir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í sumar og þá ætti að vera hægt að aflétta ábyrgðinni. Ábyrgðin var samþykkt samhljóða.“

Samkvæmt framanrituðu þykir mega ráða, að það hafi verið skilningur stjórnar stefnda sumarið 1987, að aflétta yrði ábyrgðinni á formlegan hátt. Loks tveimur árum síðar, þ. e. 13. nóvember 1989, fór stefndi formlega fram á það við stefnanda, að hann staðfesti þann skilning félagsins, að ábyrgðin frá 30. júní 1987 væri niður fallin.

Í viðskiptum stefnanda og Vogalax hf. hafði komið fram, að stjórn og framkvæmdastjóri Vogalax hf. töldu ábyrgðina í fullu gildi, sbr. bréf framkvæmdastjóra Vogalax hf. til stefnanda, dags. 2. ágúst 1989, og skuldbreytingaryfirlýsinguna frá 9. janúar 1990. Þar sem veruleg tengsl voru á milli stefnda og Vogalax hf., verður að telja, að stefnandi hafi mátt ætla, að stjórn stefnda hafi verið kunnugt um framangreindan skilning stjórnar og framkvæmdastjóra Vogalax hf.

Eins og málsatvikum er háttað hér, þ. á m. hinum nánú tengslum stefnanda og Vogalax hf., þykir mega fallast á það með stefnanda, að stefnda hafi borið að eiga frumkvæði að því, að ábyrgðinni yrði aflétt með því að sýna fram á, að lausnarskilyrði ábyrgðarinnar væru fram komin, þ. e. fullnægjandi veð væri fyrir hendi til tryggingar skuldbindingar Vogalax hf.

Af hálfu stefnda hefur því m. a. verið haldið fram, að skuldbreytingin frá 9. janúar 1990 svo og veðleyfi stefnanda frá janúarmánuði s. á. feli í sér sjálfstæðan forsendubrest ábyrgðaryfirlýsingar stefnda frá 30. júní 1987. Eigi þykir unnt að túlka orð ábyrgðaryfirlýsingarinnar svo, að forsenda hennar hafi verið sú, að auk hennar væri lánið tryggt með fasteignaveði. Ábyrgðin var enda gefin út vegna þess, að fasteignir Vogalax hf. þóttu ekki veðhæfar.

Yfirlýsingin um skuldbreytingu á láninu frá 3. september 1987, sem dagsett er 9. janúar 1990, þykir ekki fela í sér svo verulega breytingu á skyldu stefnda sem ábyrgðarmanns, að hún feli í sér sjálfstæðan forsendubrest ábyrgðarinnar, með hliðsjón af því einnig, að samkvæmt 12. gr. vaxtalaða nr. 25/1987 hefði stefnandi verið heimilt að bæta áföllnum dráttarvöxtum við höfuðstól skuldabréfsins. Þá kemur og til orðalag yfirlýsingarinnar, þar sem sagt er, að ábyrgðin haldist óbreytt, þótt veittur verði greiðslufrestur á láninu. Þykir því ábyrgðaryfirlýsing stefnda taka til skuldbindingar Vogalax hf., eins og hún var eftir skuldbreytinguna 9. janúar 1990.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða málsins sú, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst 1.100.000 krónur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.  
Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fjárfestingarfélag Íslands hf., greiði stefnanda, Framkvæmdasjóði Íslands, 314.000,85 Bandaríkjadali miðað við gengi á greiðsludegi auk vaxta frá og með 1. nóvember 1989, sem nemi 1,5% p. a. yfir millibankavöxtum á dollurum (Libor) á erlendum fjármagnsmörkuðum miðað við lán til 6 mánaða, til 1. nóvember 1990, en með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags auk 0,5% yfirfærslugjalds og sérstaks ábyrgðargjalds af höfuðstól stefnufjárhæðar, sem er 0,25% á ári.

Stefndi greiði stefnanda 1.100.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá uppsögu dóms til greiðsludags.

---